

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð



1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingar og afnota af gámasvæði í Húnabyggð er sem hér segir:

1.1 Á hverja íbúð í og á lögbýli eða íbúðarhús sem hirt er á 21 dags fresti:

| | |
|-------------------|------------------|
| Sorphirðugjald | 37.200kr. |
| Sorpförgunargjald | 37.200kr. |
| Samtals: | 74.400kr. |

Þar sem eru stærri tunnur en 240 lítra þá eru gjöldin eftirfarandi:

| | |
|-------------------|------------|
| 660 lítra tunna | 148.800kr. |
| 1.100 lítra tunna | 234.000kr. |

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti fyrir almennt sorp og einu 240 lítra sorpíláti fyrir pappír á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða 37.200kr. fyrir hvert viðbótar 240 lítra sorpílát.

1.2 Fyrir sumarhús, 29.040kr. sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

1.3 Fyrir hesthús og gripahús í þéttbýli, 29.040kr. á hús enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir og þarf úrgangsflokkur að vera staðfestur af starfsmanni á gámasvæði.

Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 1.920kr. með vsk. Þeir sem koma með úrgang á gámasvæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

| Stærð farms: | 0,25m ³ | 0,50m ³ | 0,75m ³ | 1m ³ |
|--------------|--------------------|--------------------|--------------------|-----------------|
| Gjald | 1.920kr. | 3.840kr. | 5.760kr. | 7.680kr. |

Stærri farmar eftir magni að 5m³, reiknað út frá 1m³ gjaldi. Þegar um stærri farma er að ræða (5-10m³) þarf að semja sérstaklega um móttöku þeirra.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð



| | Gjaldskylt frá heimilum | Gjaldskylt frá rekstraraðilum |
|---|-------------------------|-------------------------------|
| Vörubretti, kassar o.þ.h. | Já | Já |
| Timbur – þar með talið ljós-/hvítmálað eða plasthúðað frá framkvæmdum | Já | Já |
| Húsgögn o.þ.h. | Nei | Já |
| Grófur úrgangur frá framkvæmdum | Já | Já |
| Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. | Nei | Já |
| Blandaður úrgangur frá framkvæmdum | Já | Já |
| Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h. | Nei | Já |
| Steinefni frá framkvæmdum | Já | Já |
| Bílrúður | Já | Já |
| Jarðvegur | Já | Já |
| Gras og hey | Nei | Já |
| Trjágreinar | Já | Já |
| Garðaúrgangur | Nei | Já |
| Brotajárn | Nei | Já |

Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla. Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Húnabyggðar á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. **1529/2020** fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húnabyggð.

Húnabyggð, 28. desember 2023

Pétur Arason sveitarstjóri